

Berist til sveitarstjórna
Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps,
Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar

26. maí 2020

Efni: Sveitarstjórnarkosningar 19. september 2020. Kjör yfirkjörstjórna

Kosið verður til sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar þann 19. September 2020, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998. Sameiningin mun taka gildi 15 dögum eftir kjör nýrrar sveitarstjórnar. Kjósa skal 11 fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna fjögurra skulu kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningar, nema annað verði ákveðið. Farið er fram á að sveitarfélögin kjósi sameiginlega yfirkjörstjórn fyrir sameinað sveitarfélag á næsta fundi sveitarstjórnar.

Tillaga að afgreiðslu

Lögð er fram tillaga um kjör fulltrúa í yfirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga í Sameinuðu sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem fram fara 19. september n.k. Lagt er til að aðal- og varamenn sitji fundi yfirkjörstjórnar og vinni sameiginlega að undirbúningi og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga, kjörs fulltrúa í Heimastjórnir og atkvæðagreiðslu um nafn á sveitarfélagið.

Aðalfulltrúar

Bjarni G. Björgvinsson Fljótsdalshéraði

Ásdís Þórðardóttir Djúpavogi

Björn Aðalsteinsson Borgarfirði

Varafultrúar

Arna Christiansen Fljótsdalshéraði

Guðni Sigmundsson, Seyðisfirði

Þórunn Hálfðanardóttir Fljótsdalshéraði

f.h. undirbúningsstjórnar

Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri